

BREYTING Á BREIÐDALSLÍNU 1 Í DÝRAFIRÐI, ÍSAFJARÐARBÆ

SAMANTEKT ATHUGASEMDA OG SVÖR VEGNA FYRIRSPURNAR UM MATSSKYLDU

VERKNÚMER: 17148004
VERKHLUTI: 03
HÖFUNDUR: EIJ
RÝNIR: HuG
DREIFING: HMS

DAGS.: 2026-07-07

Framkvæmdin felur í sér lagningu um 4,23 km 132 kV loftlínu við sunnanverðan Dýrafjörð frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú og er liður í styrkingu flutningskerfisins á Vestfjörðum. Framkvæmdin felst m.a. í slóðagerð, efnistöku, vinnu við plön, undirstöður og stagfestur, reisingu mastra og strengingu leiðara. Einnig er um að ræða uppsetningu aðstöðu fyrir starfsmenn á verktíma og frágang svæða í verklok. Afla þarf burðarhæfs fyllingarefnis fyrir plön og vegslóða og áætluð heildarefnispörf vegna þeirra framkvæmda er alls um 18.300 m³ efni.

Tilkynning um framkvæmdina var kynnt á Skipulagsgátt, mál nr. 587/2026 frá 13. maí til 10. júní 2026. Umsagnir bárust frá fimm umsagnaraðilum. Neðangreint er yfirlit yfir þá sem veittu umsögn um málið og síðan samantekt umsagna þar sem athugasemdir eru flokkaðar eftir efni þeirra ásamt svörum Landsnet við þeim.

Nr.	Aðili	Dags.
1	Minjastofnun Íslands: Lísabet Guðmundsdóttir	8.6.2026
2	Vegagerðin - Vestursvæði: Sigurður Friðgeir Friðriksson	9.6.2026
3	Náttúruverndarstofnun: Ármann Guðmundsson	10.6.2026
4	Náttúrufræðistofnun Íslands: Ingvar Atli Sigurðsson	10.6.2026
5	Ísafjarðarbær: Helga Þ. Magnúsdóttir	30.6.2026

Nr.	Aðili	Varðar/flokkun	Athugasemd /ábending varðar	Svör og viðbrögð framkvæmdaaðila
1.1	Minjastofnun Íslands: Lísabet Guðmundsdóttir	Fornleifar	<i>Undirrituð hefur kynnt sér tillöguna og hefur ekki athugasemdir. Fyrir liggur fornleifaskráning vegna framkvæmarinnar. Eingöngu var ein fornleif skráð umræddu svæði sem þarf að taka tillit til.</i>	Fornleifaskráning var framkvæmd á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði vorið 2026 og tekið verður mið af niðurstöðum skráningarinnar. Einar minjar voru skráðar innan skráningarsvæðisins, þ.e. tóft, og teljast þær vera í hættu vegna framkvæmdanna. Landsnet hefur haft samráð við minjavörð Vestfjarða um mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir að fornleifum verði raskað. Samkvæmt tilmælum stofnunarinnar verður nálægt mastur fært um 15 m frá minjastaðnum og að minjarnar, þ.e. tóftin, verður girt af á meðan á framkvæmdum stendur í næsta nágrenni minjanna. Landsnet telur mikilvægt að tilmæli Minjastofnunar verði útfærð í framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar og í samningum við verktaka.



Nr.	Aðili	Varðar/flokkun	Athugasemd /ábending varðar	Svör og viðbrögð framkvæmdaaðila
2.1	Vegagerðin - Vestursvæði: Sigurður Friðgeir Friðriksson	Matsskylda framkvæmdarinnar	<i>Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 12. maí 2026, þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar vegna tilkynningar sem unnin var af Landsnet hf. um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Vegagerðin skal í umsögn sinni gefa álit á því hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka framangreindra laga.</i> <i>Sérstaklega er beðið um að Vegagerðin gefi í umsögn sinni mat á því hvort nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Vegagerðin telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021.</i> <i>Vegagerðin hefur kynnt sér tilkynningu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og telur að sú viðbót sem hér sé til umfjöllunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.</i>	Landsnet þakkar fyrir umsögnina, en hún kallar ekki á svör eða viðbrögð fyrirtækisins.



Nr.	Aðili	Varðar/flokkun	Athugasemd /ábending varðar	Svör og viðbrögð framkvæmdaaðila
3.1	Náttúruverndarstofnun: Ármann Guðmundsson	Svæði á Náttúruminjaskrá	<i>Eins og fram kemur í greinargerð er framkvæmdasvæðið innan svæðis á Náttúruminjaskrá (nr. 11, Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar), og nærliggjandi er annað svæði á Náttúruminjaskrá (nr. 312, Ketilseyri í Dýrafirði). Þá er ströndin og fjaran í Dýrafirði hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár, þ.e. Dýrafjörður, sem tilnefndur er vegna fjöruvistgerða en hefur ekki enn verið friðaður. Náttúruverndarstofnun vekur athygli á að í greinargerð vantar upplýsingar um hvaða aðgerðir verði sérstaklega farnar til að tryggja að tillagan hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðanna á náttúruminjaskrá. Stofnunin telur mikilvægt að slíkar aðgerðir verði skilgreindar áður en lengra er haldið, enda sé nokkur óvissa um áhrif framkvæmdarinnar á þessi svæði.</i>	Landsnet vísar til þess sem kemur fram í matsskyldufyrirspurninni að framkvæmdasvæðið er innan og í nágrenni við svæði á náttúruminjaskrá. Línuleiðin er innan svæðis nr. 311 á náttúruminjaskrá yfir aðrar náttúruminjar C-hluta, þ.e. 311. Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, sem er nær til umfangsmikils svæðis. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt í náttúruminjaskrá. Allur skaginn utan ræktaðs lands og þéttbýlis ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði. Til austurs ráða mörk svæðis nr. 313 í fjallið Sjónfríð, þaðan lína í upptök Hofsár í Borgarfirði og með henni til sjávar. (2) Fjölbreytt landslag, gróðursælar hliðar og dalir, umgirt stórkornu fjallendi. Framhlaup og jökulminjar. Hrafnseyri er fjölsóttur ferðamannastaður með söguminijum. Framkvæmdin mun hafa áhrif innan svæðisins, en þar sem línun mun liggja í nálægð við núverandi mannvirki ætti hún ekki að draga merkjanlega úr verndargildi svæðisins, þar sem lögð er áhersla á svæði utan þéttbýlis og ræktað lands, framhlaup og jökulminjar. Landsnet leggur áherslu á að við útfærslu framkvæmdarinnar hefur verið leitast við að lágmarka áhrif með því að hnika legu línunnar og vegslóða frá viðkvæmum svæðum og að línuleiðin liggi, eftir því sem kostur er, um raskað land. Jafnframt hefur verið leitast við að aðlaga línuna að landi, sbr. sýnileikagreiningu og ásýndarmyndir í viðauka matsskyldufyrirspurnar. Auk þess hafa verið skilgreindar mótvægisáðgerðir sem felast í því að eldri lína verði tekin niður frá þeim stað þar sem ný og eldri lína sameinast ofan Kjaransstaða og að Dýrafjarðarbrú. Við frekari hönnun framkvæmdarinnar, breytingu á aðalskipulagi og í umsókn um framkvæmdaleyfi verður gerð nánari grein fyrir mótvægisáðgerðum og áhrifum framkvæmdarinnar á verndargildi svæðisins. Landsnet bendir á að línuleiðin er utan svæðis sem er hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar á B-hluta náttúruminjaskrár, þ.e. Dýrafjörður, og framkvæmdin mun því ekki raska eða hafa bein áhrif á það svæði.



Nr.	Aðili	Varðar/flokkun	Athugasemd /ábending varðar	Svör og viðbrögð framkvæmdaaðila
3.2	Náttúruverndarstofnun: Ármann Guðmundsson	Votlendi	<i>Í greinargerð kemur fram að innan framkvæmdasvæðisins sé votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að votlendi sem nýtur sérstakrar verndar verði kortlagt í tillögunni og að fram komi hvaða leiðir verði farnar til að forðast rask á votlendinu, sbr. 61. gr. laganna, og hvaða valkostir hafi verið skoðaðir.</i> <i>Ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum valkostum sem skoðaðir hafa verið og ástæðum þess að þeir voru ekki valdir. Í greinargerð er tekið fram að votlendið sé að hluta til raskað.</i> <i>Náttúruverndarstofnun áréttar að röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar rýrir ekki verndargildi þeirra samkvæmt lögum.</i> <i>Votlendi stærra en 20.000 m² nýtur verndar óháð ástandi. Stofnunin bendir framkvæmdaraðila á að rannsaka votlendið nánar til að meta stöðu þess.</i>	Landsnet vísar til þess sem kemur fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna Breiðadalslínu 1. Þar kemur eftirfarandi fram: <i>Votlendi er á köflum á línuleiðinni og á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er það kortlagt sem starungsmýravist en óvissa er í nákvæmum staðsetningum þar sem skuggavarp frá fjöllum gæti truflað myndgreiningu sem liggur að baki vistgerðakortinu. Töluverður halli er á landi á þessari leið og þar sem vegurinn liggur með hlíðinni eru áberandi skeringar. Votlendinu sem þarna er hefur verið raskað með vegstæðinu og eldri vegslóðir liggja ofar í hlíðinni.</i> Landsnet telur ekki þörf á frekari rannsóknnum á votlendi, og fullnægjandi upplýsingar fáið út frá fyrirliggjandi gögnum. Fyrir liggur gróðurkönnun Náttúrustofu Vestfjarða frá árinu 2008 sem Vegagerðin byggði á við umhverfismat Dýrafjarðarganga. Aðstæður á svæðinu ættu ekki að hafa breyst verulega frá þessum tíma, fyrir utan veglagninguna, sem mögulega hefur raskað gróðurlendum að einhverju leyti. Í sérfræðiskýrslu Náttúrustofu Vestfjarða er greint frá gróðurfari meðfram nýrri veglínunni frá jarðgangnaopi Dýrafjarðarmegin að brú yfir Dýrafjörð. Þrátt fyrir að veglínunni liggji neðar en fyrirhuguð raflína Landsnets, nær athugunarsvæðið til þess svæðis þar sem línun mun rísa. Í sérfræðiskýrslunni segir að ofan vegar séu skriðrunnar lyngbrekkur með bláberjalyngi og aðalbláberjalyngi, en neðan vegar graslendi. Smá votlendi sé að finna, en nær Kjaranstöðum sé að finna fjölbreyttari gróður, graslendi og mela auk gamalla túna. Á myndum 5 og 6 í sérfræðiskýrslunni er sýnd afmörkun gróðurlenda. Þar er votlent svæði U4 með klóffu, mýrarstörum sýnt á stuttum kafla í og neðan við veglínuna og þar með fjarri fyrirhuguðum framkvæmdum Landsnets (mynd 5 í sérfræðiskýrslu). Þá eru sögð blautari svæði H1 með klóffu og störum (mynd 6), við og rétt ofan vegar og þar með ekki á framkvæmdasvæði nýrrar loftlínu. Einnig er afmörkuð hálfdeigja T5, ofan við Kjaranstaði, en miðað við mynd 6 nær svæðið að núverandi loftlínu, sem verður tekin niður og nýja línun lögð enn fjær. Við frekari útfærslu framkvæmdarinnar verður horft til afmörkunar gróðurlandanna í framangreindri sérfræðiskýrslu og leitast við að hnika legu slóða og mastra þannig að áhrif verði lágmarkuð. Við jarðkönnun m.t.t. staðsetningar mastra er alla jafna leitast við að forðast votlend svæði og reynt að staðsetja þau frekar á þurru og fastara undirlagi. Lögð



Nr.	Aðili	Varðar/flokkun	Athugasemd /ábending varðar	Svör og viðbrögð framkvæmdaaðila
				verður áhersla á að halda raski í lágmarki og ganga frá svæðum að framkvæmdum loknum.



Nr.	Aðili	Varðar/flokkun	Athugasemd /ábending varðar	Svör og viðbrögð framkvæmdaaðila
3.3	Náttúruverndarstofnun: Ármann Guðmundsson	Framkvæmdarleyfi	<i>Stofnunin bendir á að skylt sé að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Tryggja þarf að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort skilyrði laganna séu uppfyllt.</i> <i>Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruverndar og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi og sérstöðu minjanna í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.</i> <i>Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan til 5. mgr. 61. gr. laganna, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum valkostum sem skoðaðir hafa verið og ástæðum þess að þeir voru ekki valdir. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Afrit af útgefnu leyfi skal sent</i> <i>Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.</i> <i>Leyfisveitanda er jafnframt heimilt að binda leyfi þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.</i>	Landsnet mun sækja um tilskilin leyfi og hlíta þeim kröfum sem settar verða í þeirri málsmeðferð. Við leyfisumsókn verða lagðar fram upplýsingar um helstu áhrif framkvæmdarinnar, í samræmi við umfjöllun í matsskyldufyrirspurn og ákvörðun HMS. Einnig verður byggt á gögnum sem hafa komið fram við breytingu á aðalskipulagi. Þegar Landsnet sækir um framkvæmdaleyfi munu umsókninni fylgja gögn í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sem leyfisveitandi á að geta byggt á upplýsta ákvarðanatöku um útgáfu leyfis.



Nr.	Aðili	Varðar/flokkun	Athugasemd /ábending varðar	Svör og viðbrögð framkvæmdaaðila
3.4	Náttúruverndarstofnun: Ármann Guðmundsson	Vistgerðir	<i>Í greinargerð með tillögunni er farið yfir þær vistgerðir sem finnast á framkvæmdasvæðinu. Þar ber helst að nefna Starfsmýravist (L8.9) og Lyngmóavist á láglendi (L10.8). Náttúruverndarstofnun bendir á að fyrrnefnda vistgerðin hafi mjög hátt verndargildi og hin síðarnefnda hátt verndargildi. Báðar eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.</i> <i>Stofnunin telur að tilhögun framkvæmdarinnar og mótvægisáðgerðir séu ekki nægilega skýrar hvað varðar lágmörkun áhrifa á þessar vistgerðir. Þar sem nákvæmni vistgerðarkortlagningar er takmörkunum háð telur stofnunin mikilvægt að vistgerðir verði kortlagðar á vettvangi til að fá fullnægjandi mynd af stöðu þeirra. Slík kortlagning telst jafnframt mótvægisáðgerð þar sem hún gerir kleift að haga framkvæmdum þannig að lágmarka neikvæð áhrif.</i> <i>Í greinargerð er fjallað um afturkræfni framkvæmdarinnar, m.a. varðandi gróðurfar og vistgerðir. Þar er haldið fram að framkvæmdin sé nánast að öllu leyti afturkræf með því að fjarlægja möstrin og laga til vegaslóða. Náttúruverndarstofnun vekur athygli á að steypar undirstöður mastra standa eftir og telur ekki nægilega vel gerð grein fyrir því hversu afturkræfar þær eru.</i>	Landsnet tekur undir mikilvægi þess að lágmarka áhrif á vistgerðir með hátt verndargildi. Í svari hér að framan er vísað í vettvangsathugun sem gerð var árið 2008 og séu niðurstöður hennar skoðaðar með hliðsjón af vistgerðakorti, sem bent hefur verið á að sé haldið ákveðnum annmörkum, telur Landsnet að framkvæmdasvæði raflínunnar fari lítið sem ekkert um starungsmýravist. Ef bornar eru saman mynd 6 í matsskyldufyrirspurn og mynd 5 í fyrrgreindri sérfræðiskýrslu NAVE og þess að raflínan mun liggja rétt ofan vegar frá gangnamunna til vestur í Drangshlíðinni og þar sem vistgerðakortið sýnir helst starungsmýravist, hefur vettvangsathugun NAVE greint svæðið sem H3 - graslendi með vallarsveifgrasi, bugðupunti og ilmrey. Votlendisflákinn U4 er í og neðan við veglínuna, mun neðar en fyrirhugað framkvæmdasvæði raflínunnar. Frekari hönnun m.a. jarðkannanir á vettvangi ganga m.a. út á að finna staðsetningar fyrir möstur á undirlagi sem er hvað fastast og þar með oftast þurrast og minna gróið. Leitast verður við að halda raski í lágmarki og nýta svarðlag við frágang. Landsnet bendir á að framkvæmdin fer að mestu fram í lausum jarðlögum þar sem mögulegt er að jafna land að framkvæmd lokinni, þó svo að einstakir hlutar mannvirkisins, svo sem undirstöður mastra, verði varanleg. Meginþorri undirstaðna er forsteyptar einingar sem hægt er að fjarlægja að loknum rekstrartíma mannvirkisins.



Nr.	Aðili	Varðar/flokkun	Athugasemd /ábending varðar	Svör og viðbrögð framkvæmdaaðila
3.5	Náttúruverndarstofnun: Ármann Guðmundsson	Fuglalíf	<i>Í greinargerð, kafla 4.2.2, er fjallað um fuglalíf svæðisins og vísað til rannsókna sem unnar voru í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Dýrafjarðaganga (2008) og vetrartalninga Náttúrustofu Vestfjarða (2023). Náttúrustofa Vestfjarða kemst að þeirri niðurstöðu að meðal varptegunda á innanverðum Dýrafirði sé óðinshani, sem er í yfirvofandi hættu samkvæmt Válista fugla 2025. Aðrar tegundir í yfirvofandi hættu sem verpa á svæðinu eru tjaldur, heiðlóa, lóupræll og stelkur. Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nema friðun hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Friðun tekur einnig til eggja og hreiðra.</i> <i>Í 2. mgr. 6. gr. laganna segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.</i> <i>Stofnunin vekur einnig athygli á að heiðlóa, lóupræll og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands, þar sem um eða yfir 20% Evrópustofnsins verpir hér á landi. Heiðlóa og lóupræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar.</i> <i>Með vísan til 6.–12. gr. laga nr. 60/2013 telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að beita varúð og tryggja að rask á búsvæðum fugla verði haldið í lágmarki. Stofnunin leggur áherslu á að framkvæmdir fari ekki fram á viðkvæmasta varptíma nema að undangengnu staðbundnu mati á fuglalífi, að rasksvæði verði vel afmörkuð og að sett verði fram skýr vöktunaráætlun vegna áhrifa á fuglalíf, einkum ábyrgðartegundir og válistategundir. Þá þarf að liggja fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst bregðast við ef vöktun sýnir meiri áhrif en gert er ráð</i>	Landsnet tekur undir mikilvægi þess að lágmarka truflun á fuglalífi. Landsnet mun eftir fremsta megni haga framkvæmdum þannig að áhrif á varp fugla verði sem minnst, m.a. með því að afmarka rasksvæði og takmarka umfang þeirra. Annars vegar mun Landsnet leitast við að haga framkvæmdum á þann hátt að þær valdi ekki truflun á búsvæðum fugla á varptíma, þ.e. með tilhögun framkvæmda. Á hinn bóginn telur Landsnet rétt að vekja athygli á því að við framkvæmdir þarf einnig að taka tillit til tíðarfars til að minnka neikvæð áhrif, t.d. þannig að tilhögun vinnu og umfang vinnusvæðis valdi sem minnstu raski (og því til lengri tíma minni áhrif á fuglalíf). Því geta framkvæmdir fallið inn í varptíma og því aðstæður (veður og árstiðabundið árferði) orðið með þeim hætti að framkvæmdir og varptími féllu að einhverju leyti saman. Gera má ráð fyrir að í svo fjölbreyttu búsvæði fugla megi búast við því að það geti verið varp frá síðari hluta maí fram í júlí. Framkvæmdum ætti ekki að fylgja mikill hávaði eða truflun en Landsnet mun eigi að síður haga framkvæmdum þannig að truflun á varpi fugla verði lágmarkað. Mótvægisáðgerðir felast í að nýta svarðlag og sá staðargróðri undir möstur og endurheimta þar með búsvæði sem raskast á framkvæmdatíma og fyrst á eftir, sjá umhverfisúttekt Hólasandslínu 3 (umhverfisúttekt https://www.landsnet.is/library/?itemid=c37e3a16-5d28-4b7c-975d-ab0bfd2a11dc). Þar fyrir utan er eins og áður segir reynt eftir fremsta megni að setja möstur niður á fast og þurrara undirlag, sem er þá oft á tíðum ógrónara. Landsneti er ljóst að ný mannvirki og athafnir mannsins ganga á náttúruleg búsvæði lífvera og hafa áhrif á stofnstærðir og útbreiðslu fugla. Fyrirséð er að áhrif framkvæmdarinnar eru staðbundin og verða mest á framkvæmdatíma, en búsvæði á áhrifasvæði línunnar geti að mestu náð fyrra ástandi að mestu leyti innan fárra ára.



Nr.	Aðili	Varðar/flokkun	Athugasemd /ábending varðar	Svör og viðbrögð framkvæmdaaðila
			fyrir. Í kafla 6.2 í greinargerð er fjallað um væntanleg áhrif tillögunnar. Þar kemur fram að framkvæmdin geti valdið truflun á búsvæðum fugla á varptíma. Lega vegslóða og mastra mun taka mið af þessu, en þar sem því verður ekki alltaf komið við þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Náttúruverndarstofnun tekur undir þetta en áréttar að útskýrt verði nánar í hverju mótvægisáðgerðirnar felast.	



Nr.	Aðili	Varðar/flokkun	Athugasemd /áðending varðar	Svör og viðbrögð framkvæmdaaðila
3.6	Náttúruverndarstofnun: Ármann Guðmundsson	Staðartegundir	<i>Í kafla um mótvægisáðgerðir (3.3) er meðal annars nefnt að leitast verði við að gróðursetja staðartegundir á röskuðum svæðum. Náttúruverndarstofnun tekur undir þessa nálgun en leggur áherslu á að einungis verði gróðursettar staðartegundir og að val á tegundum byggji á rannsóknum á gróðurfari svæðisins.</i>	Landsnet telur í ljósi þess að ekki er um mjög umfangsmikið rask af framkvæmdinni og varanleiki áhrifa ekki viðvarandi, sé ekki tilefni til að ráðast í gerð staðbundins mats á áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf eða vöktunaráætlunar.
3.7	Náttúruverndarstofnun: Ármann Guðmundsson	Niðurstaða	<i>Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að í áframhaldandi meðferð málsins verði gerð skýrari grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á vistgerðir með hátt verndargildi, votlendi og fuglalíf svæðisins. Þá þarf að liggja fyrir nákvæm afmörkun votlendis sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 og rökstutt mat á því hvernig leitast hefur verið við að forðast eða lágmarka rask á slíkum svæðum. Stofnunin leggur einnig áherslu á að mótvægisáðgerðir verði útfærðar með skýrum og bindandi hætti, þar á meðal vegna votlendis, vistgerða, fuglalífs og staðartegunda sem gróðursetja á á röskuðum svæðum.</i>	Landsnet mun sækja um tilskilin leyfi og hlíta þeim kröfum sem settar verða í þeirri málsmeðferð. Við leyfisumsókn verða lagðar fram upplýsingar um helstu áhrif framkvæmdarinnar, í samræmi við umfjöllun í matsskyldufyrirspurn og ákvörðun HMS. Einnig verður byggt á gögnum sem hafa komið fram við breytingu á aðalskipulagi. Þegar Landsnet sækir um framkvæmdaleyfi munu umsókninni fylgja gögn í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sem leyfisveitandi getur byggt á við upplýsta ákvarðanatöku um útgáfu leyfis.
4.1	Náttúrufræðistofnun Íslands: Ingvar Atli Sigurðsson	Náttúruminjaskrá og tillögur NÍ til B-hluta náttúruminjaskrár	<i>Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsskyldufyrirspurnina og vill koma eftirfarandi áðendingum á framfæri.</i> <i>Fram kemur í skipulagslýsingunni að fyrirhuguð lína er á svæði sem er á C-hluta náttúruminjaskrár, svæði 311: “Skaginn á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.” Þá er línan innan svæðisins Dýrafjörður sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi á B-hluta náttúruminjaskrár.</i>	Landsnet vísar til þess að framkvæmdasvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá og í nágrenni við svæði sem er hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár. Framkvæmdin hefur verið hönnuð og skipulögð með það að markmiði að lágmarka áhrif á þessi svæði, m.a. með því að hanna línuleiðina á svæði sem er þegar raskað land og hnika legu línunnar og vegslóða eftir því sem kostur er í samræmi við það. Líkt og fram kemur í greinargerðinni er framkvæmdin ekki innan svæða sem eru tilnefnd á B hluta náttúruminjaskrár og því eru bein áhrif á þau talin óveruleg. Við frekari útfærslu verður áfram lögð áhersla á að lágmarka áhrif á verndargildi svæðanna. Sjá nánar svar við umsögn Náttúruverndarstofnunar, lið 3.1. hér að framan.



Nr.	Aðili	Varðar/flokkun	Athugasemd /ábending varðar	Svör og viðbrögð framkvæmdaaðila
4.2	Náttúrufræðistofnun Íslands: Ingvar Atli Sigurðsson	Vistgerðir	<i>Um fjöllum um gróður byggir á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar og umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu Breiðadalslínu frá 17. mars 2026. Þar kemur m.a. fram að óvissa er í vistgerðakortinu þar sem skuggavarp frá fjöllum gæti truflað myndgreiningu sem liggur að baki vistgerðakortsins. Einnig er kortið ekki nákvæmt í þeim mælikvarða sem hér er notaður. Æskilegt er að gerð verði betri grein fyrir gróðri á línuleiðinni og metið hversu mikið votlendi mun raskast vegna framkvæmdanna. Fram kemur að sem mótvægisáðgerð verður leitast við að hnika til legu vegslóða, staðsetningu mastra og plana frá viðkvæmum gróðursvæðum þar sem það er mögulegt. Ekki kemur fram hvort fyrirhugað er að endurheimta votlendi í stað þess sem kann að raskast.</i>	Sjá svar við lið 3.2.
4.3	Náttúrufræðistofnun Íslands: Ingvar Atli Sigurðsson	Hætta á áflugi fugla	<i>Að mati Náttúrufræðistofnunar mætti meta hættu á áflugi fugla á línuna. Þetta á sérstaklega við um tegundir á vólsta og sjaldgæfa fugla sem eru viðkvæmir fyrir áflugi eins og t.d. haförninn, en aðal varpútbreiðsla hafarna er á vesturhelmingi landsins, á Vestfjörðum þar á meðal.</i>	Ekki liggja fyrir upplýsingar um arnarvarp innan framkvæmdasvæðisins, þó að ernir hafi sést í nágrenni þess. Ætla má að hætta á áflugi arna sé mest þar sem línán liggur um opið landslag norðan Kjaransstaða og að Dýrafjarðarbrú, þ.e. á flugsvæði inn og út Dýrafjörð. Landsnet vekur athygli á því að með því að fjarlægja eldri línu á þeim kafla, ætti að draga úr áflugshættunni.
4.4	Náttúrufræðistofnun Íslands: Ingvar Atli Sigurðsson	Niðurstaða	<i>Að öðru leyti telur Náttúrufræðistofnun að vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og áhrifum og að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat.</i>	Landsnet þakkar jákvæða umsögn og tekur undir að framkvæmdinni hafi verið lýst með fullnægjandi hætti miðað við matskyldufyrirspurn. Líkt og fram kemur í greinargerðinni verður áfram unnið að útfærslu framkvæmdarinnar með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif og uppfylla kröfur leyfisferla.



Nr.	Aðili	Varðar/flokkun	Athugasemd /áðending varðar	Svör og viðbrögð framkvæmdaaðila
5.1	Ísafjarðarbær: Helga þ. Magnúsdóttir	Jarðstrengur eða loftlína	<i>Skipulagsfulltrúi bendir Landsneti á að í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er gert ráð fyrir jarðstrengjum í jörð en ekki í lofti.</i>	Landsnet vísar til þess að ekki kemur fram í bókun skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar 30. júní 2026 hvort bærinn telji að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Landsnet bendir á að Breiðadalslína 1 er loftlína en í gildandi aðalskipulagi eru allar núverandi raflínur auðkenndar með tákni fyrir rafstrengi. Fyrirhugað er að tengja línuna við jarðstreng sem þegar hefur verið lagður í Dýrafjarðargöng. Landsnet vísar einnig til þess að unnið er að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 þar sem skilgreind er loftlína í stað jarðstrengs á kafla Breiðadalslínu 1 og breytingin afmarkast við línuleiðina frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú. Á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar þann 12. febrúar 2026 var tekin fyrir ósk Landsnets um að gerð yrði breyting á aðalskipulaginu vegna Breiðadalslínu 1. Bæjarstjórn fjallaði um málið 19. febrúar 2026 og skipulagslýsing var kynnt frá 24. febrúar og til og með 17. mars 2026 í Skipulagsgátt og á vef Ísafjarðarbæjar. Fyrir liggur að kynna vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingarinnar. Landsnet vísar til þess að kerfisstyrkur flutningskerfisins er lágur á Vestfjörðum og hefur það mikil áhrif á allan rekstur kerfishlutans. Frá því að byrjað var að tala um framkvæmdir í tengslum við breytingar á Breiðadalslínu 1 og nýrrar Breiðadalslínu 2, einnig milli Mjólkár og Breiðadals, hafa forsendur og ástand í flutningskerfinu breyst töluvert og þess vegna er ekki gert ráð fyrir að Breiðadalslína 1 verði lögð sem jarðstrengur. Spenna á 132 kV kerfinu er töluvert hærri en áður, t.d. vegna aukinnar strenglagningar í kerfi Landsnets. Slík hækkun minnkar sveigjanleika til að regla spennu á 66 kV með því að breyta spennaprepum í Mjólká. Þessi forsenda er helsta ástæða þess að frekari strenglagning, umfram það að taka í notkun strenginn sem liggur um Dýrafjarðargöng, er ekki framkvæmanleg eins og staðan er í dag. Hlutfall launaflsframleiðslu er hátt miðað við skammhlaupsafl í Vestfjarðakerfinu. Vert er að benda á að talsverð uppbygging í flutningskerfinu hefur átt sér stað á svæðinu á undanförunum árum, bæði endurnýjun tengivirkja sem og lagning nýrra flutningslína. Sem dæmi standa yfir framkvæmdir yfir á 66 kV jarðstreng, Mjólkárlnu 2, frá Mjólká út Arnarfjörð og í sæstreng yfir fjörðinn til Bíldudals.
5.2	Ísafjarðarbær: Helga þ. Magnúsdóttir	Svæði á Náttúruinjasrá	<i>Einnig bendir nefndin á að umrætt landsvæði er á náttúruinjasrá.</i>	Sjá svar við lið 3.1.